

Yfirlýsing um neikvæð áhrif fjárfestingarákvarðana á sjálfbærniþætti

4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2019/2088 (SFDR)

Upplýsingagjöf um helstu neikvæðu áhrif á sjálfbærniþætti

Með lögum um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar hefur reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2088 um upplýsingagjöf vegna áhættu tengdri sjálfbærni (hér eftir SFDR) verið innleidd á Íslandi.

SFDR setur samræmdar reglur fyrir aðila á fjármálamarkaði um þær upplýsingar sem ber að birta um sjálfbærnitengd áhrif fjármálaafurða. Samkvæmt reglugerðinni ber að birta upplýsingar m.a. um það hvernig áhætta tengd sjálfbærni er felld inn í fjárfestingarákvarðanir og hvort, og þá hvernig, tekið er tillit til skaðlegra áhrifa fjárfestinga á sjálfbærniþætti. Reglugerðin skilgreinir sjálfbærniþætti sem umhverfis-, félags- og starfsmannamál, virðingu fyrir mannréttindum og aðgerðir gegn spillingu og mútupægni.

Áhætta tengd sjálfbærni er skilgreind í SFDR reglugerðinni sem atvik eða ástand á sviði umhverfismála, félagsmála eða stjórnarhátta (UFS) sem getur, ef upp kemur, haft veruleg neikvæð áhrif á virði fjárfestingarinnar. Markmið SFDR reglugerðarinnar er að auka gagnsæi fyrir fjárfesta og draga úr ósamræmi í upplýsingagjöf.

Þessi yfirlýsing er fyrst birt í júní 2023. Hún eru endurskoðuð a.m.k. árlega.

Neikvæð áhrif á sjálfbærniþætti og næstu skref

SFDR reglugerðin mælir fyrir um að aðilar á fjármálamarkaði upplýsi um hvort, og þá hvernig, tekið er tillit til helstu neikvæðu áhrifa fjárfestingaákvæðana á sjálfbærniþætti.

Almenni lífeyrissjóðurinn tekur ekki tillit til helstu neikvæðu áhrifa fjárfestingarákvarðana á sjálfbærniþætti á þann hátt sem skilgreint er í a-lið 1. mgr. 4. gr. SFDR.

Helstu ástæður fyrir því að Almenni tekur ekki tillit til þeirra er að viðeigandi upplýsingar geta verið af skornum skammti, óaðgengilegar og gæði þeirra eru oft á tíðum ófullnægjandi. Að svo stöddu er það því mat sjóðsins að erfitt getur reynst að framkvæma fullnægjandi mat á helstu neikvæðu áhrifum fjárfestingarákvarðana á sjálfbærniþætti.

Sjóðurinn vinnur að því að meta hvort og þá hvernig æskilegt er að framkvæma viðeigandi mat á neikvæðum áhrifum fjárfestingarákvarðana á sjálfbærniþætti. Slíkt mat getur falist í greiningum og gagnasöfnun annaðhvort innanhúss eða frá utanaðkomandi aðilum. Í kjölfarið af þeirri vinnu verður metið að hvaða leyti sjóðnum er unnt að taka tillit til neikvæðra áhrifa í skilningi framangreindrar reglugerðar.

Upplýsingar um stefnur og samstarf um sjálfbærni

Almenni lífeyrissjóðurinn horfir til og leggur áherslu á sjálfbærni í fjárfestingum og hefur sett sér stefnu um ábyrgar fjárfestingar og eigendastefnu. Stefnurnar eru hluti af fjárfestingarferli sjóðsins og er ætlað að styðja við markmið um sjálfbærni og mæla fyrir um umgjörð virks eignarhalds hjá sjóðnum.

Almenni tekur jafnframt þátt í samstarfi lífeyrissjóða og fjármálafyrirtækja á Íslandi með aðild að samtökunum IcelandSIF en tilgangur þeirra er að efla þekkingu á aðferðafræði sjálfbærra og ábyrgra fjárfestinga. Enn fremur hefur sjóðurinn gefið út viljayfirlýsingu gagnvart alþjóðlegu samtökunum Climate Invest Coalition um fjárfestingar í verkefnum sem tengjast hreinni orku og öðrum umhverfisvænum lausnum.

Nánari upplýsingar um fjárfestingarstefnu, eigendastefnu og stefnu um ábyrgar fjárfestingar má finna á [heimasíðu sjóðsins](#).

Útgáfuyfirlit

Dagsetning	Útgáfa	Athugasemdir
30. júní 2023	1.0	Yfirlýsing skv. 4. gr. SFDR um helstu neikvæðu áhrif fjárfestinga á sjálfbærniþætti birt á heimasíðu.